

Svar

dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Hafdísí Hrönn Hafsteinsdóttur um húsnæði mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar.

Við vinnslu svars við fyrirspurninni óskaði ráðuneytið eftir upplýsingum frá embætti ríkislögreglustjóra en mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu heyrir undir embættið. Svarið byggir á þeim upplýsingum.

1. *Hvernig er húsnæði mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar að Krókhálsi 5a nýtt að öðru leyti en fyrir þjálfun lögreglumanna?*

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglunnar (MSL) er staðsett á Krókhálsi 5a og b, 110 Reykjavík. Heildarstærð húsnæðisins er um 2.400 fermetrar og nýtir MSL um 1.800 fermetra undir sína starfsemi.

Leyfedeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og varastöð fjarskiptamiðstöðvar ríkislögreglustjóra og Neyðarlínunnar nýta hluta húsnæðisins undir sína starfsemi. Auk þess er vinnuaðstaða fyrir starfsfólk Háskólans á Akureyri sem kemur að kennslu í lögreglufræði við skólann. Þá hefur verkefni er tengist prófun á ytri landamærahliðum í tengslum við Schengen-samstarfið tímabundna aðstöðu í húsnæðinu.

MSL er í góðu samstarfi við Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins varðandi fræðslu og þjálfun lögreglu og slökkviliðs og reglulega fer fram þjálfun og kennsla í húsnæði beggja viðbragðsaðila.

Enn fremur hefur MSL verið falið að sinna ut anumhaldi og starfrækslu Fangavarðaskólans árin 2024 og 2025 og fer starfsemi skólans öll fram í húsnæðinu að Krókhálsi 5a og b.

2. *Hver er mánaðarlegur kostnaður við rekstur húsnæðisins árið 2024?*

Meðalkostnaður fyrstu fjóra mánuði ársins 2024 við leigu og rekstur húsnæðisins er um 6 milljónir króna á mánuði.

3. *Hefur annar betri húsakostur verið skoðaður fyrir starfsemi mennta- og starfsþróunarseturs lögreglunnar?*

Ekki að svo stöddu. Aðstaða fyrir MSL var fyrirhuguð í sameiginlegu húsnæði viðbragðsaðila.